

11. fundur Umhverfisnefndar kjörtímabilið 2022-2026

haldinn 1. október 2024 kl. 17:00

Mætt: Halldóra Hjörleifsdóttir formaður, Ragnheiður Georgsdóttir og Bjarni Arnar Hjaltason.
Einnig mættu á fundinn Gunnþór Guðfinnsson og Aldís Hafsteinsdóttir

FUNDARSTAÐUR: RÁÐHÚS HRUNAMANNAHREPPS

DAGSKRÁ:

1. Fjárhagsáætlun 2025.
2. Umhverfisverðlaun/Umhverfishró 2024.
3. Fundargerð frá samstarfshóp um gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir landslagsverndarsvæðið Kerlingarfjöll.
4. Umhverfisþing 2024.
5. Alþjóðlegi rafrusladagurinn.

Formaður bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir bárust.

1. Fjárhagsáætlun fyrir árið 2025.

Aldís Hafsteinsdóttir sveitarstjóri fór yfir fjárhagsupplýsingar tengdar úrgangs- og umhverfismálum. Gunnþór fór yfir framkvæmdastöðu mála í málafloknum.

Nokkrir punktar sem nefndin vill að lögð sé áhersla á við gerð fjárhagsáætlunar:

- *Halda þarf áfram vinnu við uppbyggingu á móttökustöðinni.
- *Lagfæringar á Ljónastíg bæði yfirlag á götuna og lýsingu.
- *Lagfæra planið við sundlaugina með heflun og ofaníburði.
- *Bæta þarf lýsingu á veginum frá Hellisholtalæk inná Flúðir.
- *Leggja malbik á Garðastíginn.
- *Leggja göngustíg og reiðveg með Selsveginum.
- *Setja upp hraðahindrun í Vesturbrún.
- *Bæta umferðaröryggi gangandi vegfarenda á Litlu-Laxár brúnni.
- *Bæta göngustíga í Lækjargarðinum.
- *Bæta aðstöðu í kvenfélags hluta garðsins í samræmi við tillögur frá skólunum í samvinnu við kvenfélagið.
- *Setja upp klósettaðstöðu í Lækjargarðinum.
- *Bæta við leiktækjum og afþreyingartækjum í Lækjargarðinn.
- *Hugað verði að því að koma göngubrú yfir Litlu-Laxá fyrir neðan Hofatún.
- *Átak í eyðingu á njóla og kerfli.
- *Grisja í skóginum í Högnastaðaásnum.

Handwritten signatures and initials in blue ink, including "RH", "BH", "AT", and "Cec".

2. Gjaldskrá um meðhöndlun úrgangs í Hrunamannahreppi.

Farið yfir hugmyndir um uppfærslu á gjaldskránni. Samþykkt að fela Aldísi og Gunnþóri að setja upp drög að breytingu á gjaldskrá í samræmi við umræður á fundinum.

3. Umhverfisverðlaun og umhverfistrós 2024.

Umhverfisverðlaun og umhverfistrós Hrunamannahrepps 2024 voru afhent á 17.júní hátíðarhöldunum.

Umhverfisnefnd óskaði eftir tilnefningu til verðlaunanna og hróssins og bárust nokkrar tilnefningar. Eftir að nefndin var búin að ráða ráðum sínum var ákveðið að veita Jóhönnu Bríeti Ingólfssdóttur á Hrafnkelsstöðum 1 Umhverfisverðlaun Hrunamannahrepps.

Rökstuðningur: Í áratugi hefur Jóhanna rekið sauðfjárbú á Hrafnkelsstöðum ásamt Haraldi eiginmanni sínum, heitnum. Öll ásýnd búsins er til fyrirmyndar hvort sem er utan- eða innanhúss og hefur verið það alla tíð. Það er því sannur heiður að veita Jóhönnu Umhverfisverðlaun Hrunamannahrepps 2024.

Í dag hefur sonardóttir Jóhönnu og Haraldar tekið við búinu ásamt manni sínum og börnum. Þau Jóhanna Bríet Helgadóttir og Atli Geir Scheving og hafa þau fetað í fótspor Jóhönnu og Haraldar að viðhalda góðri ásýnd búsins.

Umhverfistrós Hrunamannahrepps fær Ása María Ásgeirsdóttir fyrir ómælda vinnu við hreinsun á rusli á opnum svæðum innan Flúðahverfisins. Hún er góð fyrirmynd og hvetur okkur áfram í að ganga vel umhverfi okkar.

4. Fundargerð frá starfshóp um gerð stjórnunar-og verndaráætlunar fyrir landslagsvernardarsvæðið Kerlingarfjöll.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

5. Umhverfisþing 2024.

Umhverfis-orku og loftslagsráðuneytið heldur umhverfisþing 5.nóvember n.k.

6. Alþjóðlegi rafrusladagurinn.

Alþjóðlegi rafrusladagurinn verður haldinn þann 14.október n.k. Umhverfisnefnd hvetur íbúa til að finna, endurvinna og gefa verðmætum nýtt líf eins og slagorð dagsins er. Nefndin felur Gunnþóri að kynna daginn fyrir íbúum.

Hauddóra Hjónatel
Ragnheiður Georgsdóttir
Bjarni Arnar Hjaltason
Gunnþor k. Guðn
Aldi Halldórsson

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl 19:03
Fundarritari Halldóra Hjörleifsdóttir